



Der Vorsorgeberater seit 1827

Ákvæði & upplýsingar fyrir viðskiptavini

Freiheits-Rente

VPV Lebensversicherungs-AG

2.MP.0417 01.2019

- > Almenn ákvæði fyrir Freiheits-Rente
- > Sérstök ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri
- > Sérstök ákvæði fyrir einingatengda lífeyrstryggingu með áætluðum iðgjaldsaukningum og bótum án endurnýjaðrar heilbrigðisskoðunar
- > Almennar upplýsingar fyrir viðskiptavini

Almenn ákvæði fyrir Freiheits-Rente

Þjónusta

- § 1 Hvaða þjónustu bjóðum við upp á?
- § 2 Hvernig er gróðarþátttakan reiknuð út?
- § 3 Hvenær tekur tryggingin gildi?
- § 4 Hvað á við um lögreglu- eða herþjónustu, óeirðir, stríð eða notkun á kjarnorku- lífrænum- eða efnavopnum / efnum?
- § 5 Hvaða ákvæði gilda ef hinn tryggði fremur sjálfsmorð?
- § 6 Hvað þýðir forsamningsbundin upplýsingaskylda og hverjar eru afleiðingarnar ef hún er ekki virt?
- § 7 Hvað þarf að hafa í huga ef þörf er á þjónustu?
- § 8 Hvaða þýðingu hefur tryggingin?
- § 9 Hver fær þjónustuna?

Upphæð –

- § 10 Hvernig eru iðgjöldin þín notuð?
- § 11 Hvað ættirðu að hafa í huga þegar þú greiðir iðgjöldin?
- § 12 Hvernig eru með greiðslur eða úttektir gerðar?
- § 13 Hvernig er hægt að hækka eða lækka iðgjöldin?
- § 14 Hvernig getur þú stöðvað greiðslu iðgjalda?
- § 15 Hvað gerist ef ég greiði ekki iðgjald á réttum tíma?

Sérstakir eiginleikar sjóðsfjárfestingar

- § 16 Í hvaða tilfellum getum við skipt um sjóði?

Aukavalkostir

- § 17 Hvað gerir fría tryggingaumsjónin?
- § 18 Hvernig getur þú tryggt aukalega samningsinneign þína og aukið við trygginguna?

Uppsögn og undanþágur frá greiðslu iðgjalda

- § 19 Hvenær má segja samningum upp og upp á hvaða þjónustu bjóðum við?
- § 20 Hvenær er hægt að fá undanþágu frá greiðslu iðgjalda og hvaða áhrif hefur það á bótagreiðslur frá okkur?
- § 21 Hvernig er kostnaðurinn við samning þinn fjármagnaður?

Önnur ákvæði samningsins

- § 22 Hvaða ákvæði eiga við ef þú breytir póstfangi þínu og nafni?
- § 23 Hvaða aðra upplýsingaskylda ber þér að virða?
- § 24 Hvaða kostnað rúkkum við þig um sérstaklega?
- § 25 Hvaða lög eiga við um samninginn þinn?
- § 26 Hvar er lögsagan?
- § 27 Hvað gildir ef ákvæði eru ekki uppfyllt?

§ 1

Hvaða þjónustu bjóðum við upp á?

- (1) VPV Freiheits-Rente er einingatengd lífeyrstrygging með tryggðum bóttum.

Ef hinn tryggði (*b.e. manneskjan sem er líftryggð*) nær eftirlaunaaldri á eftirfarandi við:

- > á þessum tíma er að minnsta kosti ein tryggð eingreiðsla (tryggðar lífeyrisbætur) í boði (sjá mgr. 3).
- Höfuðsjóðsgreiðslan er greidd annað hvort
- > sem reglulegar ævilangar greiðslur með tryggðu greiðslutímabili,
 - > ef sveigjanlegur lífeyrir er valinn, sem ævilangur lífeyrir í samræmi við sérstök ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri, eða
 - > ef valið er að fá höfuðsjóðinn greiddan, sem stök greiðsla (sjá mgr. 16)

Ef þú velur enga greiðsluáferð borgum við heildarupphæð bóttanna sem ævilangar tryggðar greiðslur í samræmi við sérstök ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri.

Ef hinn tryggði lætur lífið á biðtímanum (*það er tíminn frá því að tryggingin tekur gildi og þar til greiðslur lífeyris hefjast*), þá eru dánar bætur greiddar út (sjá mgr. 17).

Þú getur hagað tryggingunni samkvæmt þínum þörfum í gegnum með greiðslur (sjá § 12), með því að greiða hærra iðgjöld (sjá § 13), með sveigjanlegu vali á upphafi lífeyrisgreiðslna og lokum á viðbótartryggingu fyrir örorkubætur. Hægt er að velja um FR, FRE eða FRK gjaldskrá fyrir VPV Freiheits-Rente.

- (2) VPV Freiheits-Rente býður upp á tryggingavernd áður en reglulegar bótagreiðslur hefjast, með beinni þátttöku í frammistöðu fjárfestingasjóðs (sjá mgr. 4). Þetta veitir þér tækifæri á auknum verðmætum þegar hlutabréfin hækka í gildi. Ef hlutabréfin lækka tekur þú einnig á þig áhættuna á tapi. Hins vegar er boðið upp á minnst tryggðar bætur úr fjárfestingasjóðnum við samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna (sjá mgr. 3).
- (3) Tryggðu fjárfestingasjóðsbæturnar eru reiknaðar þannig út að þegar sveigjanlegur lífeyrir er valinn (sjá sérstök ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri) er heildarupphæð tryggðra bóta fyrir sveigjanlega lífeyrinn og hvíldartímabilið (sjá § 1

mgr. 4 í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri) við lok sveigjanlega lífeyristímabilsins (sjá § 1 mgr. 2 í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri) að minnsta kosti 100% af iðgjöldum sem voru greidd undir aðaltryggingunni. Við vísum í þessa prósentu, sem bæturnar eru greiddar samkvæmt, sem tryggingastigið. Þetta þýðir að tryggingin er 100%. Þetta leiðir af sér lægri tryggingu við upphaf lífeyrisins, þ.e. tryggðar bætur eru lægri en heildarupphæð þeirra iðgjalda sem hefur verið greidd. Við sérstaklega óhagstæðar markaðsaðstæður gætu eingöngu tryggðar fjárfestingasjóðsbætur verið greiddar sem tryggingagreiðslur við upphaf reglulegra greiðslna.

Fjárfesting í inneign þinni

- (4) Samningsbundin inneign þín samsvarar verðmæti bréfanna sem þú átt tilkall til í eignaverndarsjóðnum, tryggingalaus sjóðnum (sjóðnum í heild sinni) og í tryggingasjóðnum. (*Tryggingareignir VPV þjóna þeim tilgangi að tryggja kröfur tryggingataka. Hlutur þinn í tryggingasjóðnum mun bera minnst sömu vexti og eiga við fyrir samninginn þinn*). Á biðtímanum er hlutunum í sjóðnum og í tryggingasjóðnum sem þú átt tilkall til (sjá § 10) endurdreift mánaðarlega á milli sjóðsins og tryggingasjóðsins. Nýja útteilingin fer fram samkvæmt skipulegum útreikningum sem tryggja samningsbundnar bætur ásamt vöxtum á tryggingareignum og tryggingasjóðnum sjálfum. Við eignumst sjóðshlutina án þess að þurfa að greiða eða krefjast gjalds fyrir þá. Við eigum rétt á að fjárfesta alla upphæð samningsins í tryggingasjóðnum ef og svo lengi sem fjárfestingarsjóður er ekki í samræmi við hagsmuni þína hvað varðar örugga og viðeigandi uppfyllingu á samningsbundnum skyldum eða svo lengi sem það er nauðsynlegt til að vernda hagsmuni þess tryggða innan merkingar eftirlitsskyldu okkar.
- (5) Tekjur frá sjóðnum fara beint til þeirra nema þeim sé deilt út. Útteildar tekjur við munum bæta þeim við samningsinneign þína. Tekjur geta verið lækkaðar vegna umsýslukostnaðar, skatta, annarra gjalda og frádráttar af lagalegum eða samningsbundnum ástæðum.
- (6) Þróun hlutanna í fjárfestingasjóðnum fer eftir þróun fjárfestingamarkaðsins, af þeim sökum getum við ekki tryggt að heildarupphæð bóttanna verði hærra en samþykktar tryggðar greiðslur.

Þetta þýðir að lífeyririnn verði hærri eða lægri eftir þróun hlutanna í fjárfestingasjóðnum. Hins vegar, við upphaf lífeyrisins verður hægt að fá að minnsta kosti tryggðan lífeyri greiddan.

- (7) Fjárfestingum í inneign þinni á greiðslutímabili lífeyris, þegar sveigjanlegur lífeyrir er valinn, er lýst í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri.

Ef þú ákveður að fara á eftirlaun með tryggðum lífeyri, á eftirfarandi við:

Við upphaf lífeyrisins þíns er samningsinneign þín fjárfest í hlutabréfum og notuð til að fjármagna lífeyrisgreiðslur til þín. Upphæð lífeyrisins fer eftir upphæð þessarar fjármögnunar. Fjárfesting í fjárfestingasjóðnum á sér ekki lengur stað eftir að eftirlaunatímabilið hefst.

Lykildagsetningin til að ákvarða virði hluta þinna í sérstökum eignum er síðasti viðskiptadagur sjóðsins fyrir upphaf eftirlaunatímabils. Af tæknilegum ástæðum er eingöngu hægt að greiða út fyrstu lífeyrisgreiðslu nokkrum dögum eftir þessa dagsetningu.

Bætur okkar frá upphafi lífeyrisgreiðslna

- (8) Eftirfarandi á við þegar sveigjanlegur lífeyrir er valinn:

Ef hinn tryggði byrjar samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna og útreiknaður lífeyrir er að minnsta kosti 300 evrur á áru (lágmarks upphæð á ári), greiðum við út reglulegan ævilangan lífeyri. Við greiðum lífeyrinn árlega, á hálfársfresti, fjórum sinnum á ári eða mánaðarlega á samþykktum greiðsludögum, eftir því hver ákvæði samningsins eru.

- (9) Ef þú ákveður að fara á eftirlaun með tryggðum lífeyri, á eftirfarandi við:

Ef hinn tryggði byrjar samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna og útreiknaður lífeyrir er að minnsta kosti 600 evrur á áru (lágmarks upphæð á ári), greiðum við út reglulegan ævilangan lífeyri. Við greiðum lífeyrinn árlega, á hálfársfresti, fjórum sinnum á ári eða mánaðarlega á samþykktum greiðsludögum, eftir því hver ákvæði samningsins eru.

Við greiðum reglulega að minnsta kosti fram að lokum samþykkt tryggingatímabils, sama hvort hinn tryggði upplifi þetta tímabil (*dæmi: Ef þú hefur samþykkt tryggt lífeyristímabil upp á tíu ár og hinn tryggði lætur lífið þremur árum eftir að lífeyrisgreiðslur hófust, munum við halda áfram að greiða útreiknaðan lífeyri í sjó ár*).

- (10) Ef lágmarksupphæð fyrir árlegan lífeyri er ekki náð í tilfalli eftirlauna með tryggðu lífeyristímabili, er lífeyririnn greiddur samkvæmt sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri, að því gefnu að boðið sé upp á hann í samræmi við ákvæðin við upphaf valda lífeyristímabilsins (sjá mgr. 12). Einnig geturðu valið um höfuðsjóðsgreiðslu (sjá mgr. 16). Ef lágmarksupphæð fyrir árlegan sveigjanlegan lífeyri er ekki náð, eða ef ekki er boðið upp á sveigjanlegan lífeyri við upphaf lífeyristímabilsins, er inneign samningsins þíns greidd út og samningnum lýkur.

- (11) Upphæð greiðslunnar er ákvörðuð út frá tiltækri samningsneign við upphaf greiðslutímabilsins. Þegar hún er ákvörðuð notum við útreikningana samkvæmt § 2 mgr. 7.

Upphæð lífeyrisins er reiknuð út samkvæmt valinni gerð lífeyris.

Þú munt fá að minnsta kosti eina greiðslu, upphæð hennar byggist á samningsinneign og lágmarks árlegri greiðslu fyrir hverjar 10.000 evrur í heildarinnægn. Þessi tryggði lágmarks árlegi lífeyrir er reiknaður út samkvæmt tölfræðilegum reglum. Hann byggist á 0.90% vöxtum og töflu með 100 % dánarlíkum frá kynjaskiptri töflu frá DAV 2004R töflu yfir dánarlíkum fyrir karla og konur. Hægt er að finna lágmarks árlegan lífeyri fyrir hverjar 10.000 evrur í inneign við samþykkt upphaf lífeyris á tryggingaskírteininu.

Ef þú breytir upphafsdagsetningu lífeyris (sjá mgr. 13 til 15), munum við reikna aftur út lágmarks árlegan lífeyri fyrir nýju upphafsdagsetninguna með framangreindum útreikningsaðferðum (vaxtaprósenta og töflu yfir dánarlíkum).

Val á gerð lífeyris

- (12) Þú getur breytt gerð lífeyrisins á biðtímanum. Val um sveigjanlegan eftirlaun er eins og hér segir en aðeins ef útreiknaður aldur (*útreiknaður aldur er munurinn á milli dagatalsársins sem lífeyririnn hefst og fæðingarársins*) hins tryggða við upphafsdagsetningu lífeyrisgreiðslna er minnst 60 og mest 75 ára. Umsókn þína um breytingu á gerð lífeyris verður að senda til okkar á skriflegu formi að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir dagsetningu fyrstu lífeyrisgreiðslu (*á læsilegu formi, s.s. á pappír eða í tölvupósti*). Ekki er hægt að breyta gerð lífeyris eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast.

Breytingar á upphafsdagsetningu lífeyris

- (13) Þú getur breytt raunupphafi lífeyrisgreiðslna á greiðslutímabilinu

> árlega á upphafsdegi tryggingar (*ef upphafsdagur tryggingar á samningi þínum er 01.04, þá er það árlegur upphafsdagur hennar*)

> með þriggja mánaða fyrirvara

> árlega eða með lengra millibili.

Greiðslutímabilið byrjar á upphaflega samþykktri dagsetningu lífeyrisgreiðslna og endar á þeim degi ársins sem hinn tryggði nær 85 ára aldri. Mögulegt er að ekki er hægt að velja um sveigjanlegan lífeyri við nýtt upphaf lífeyrisgreiðslna (sjá mgr. 12). Í því tilfalli er greiðsla heildarupphæðar greidd sem lífeyrir með tryggðu lífeyristímabili, nema þú veljir um eina heildargreiðslu. Við tryggjum að a.m.k. áður tryggðar bætur séu tiltækar við upphaf nýja lífeyrisins.

Á greiðslutímabilinu getur þú greitt inn frekari iðgjöld að sömu upphæð þar til lífeyrisgreiðslur hefjast. Þær greiðslur bæta við tryggða upphæð samkvæmt mgr. 3 með 80% tryggingu.

- (14) Þú getur fengið lífeyrinn bæði fyrir greiðslutímabilið og á meðan á því stendur með þriggja mánaða fyrirvara á upphafsdegi tryggingarinnar þinnar fyrir hvert ár (*þetta þýðir að þú getur sótt um að lífeyrisgreiðslur hefjist á samsvarandi upphafsdegi*). Hægt er að sækja um lífeyrisgreiðslur

> ef lágmarks árlegum lífeyri (sjá gr. 8 mgr. 9) hefur verið náð,

> ef hinn tryggði hefur náð 55 ára útreiknuðum aldri (eða 60 ára ef sveigjanlegur lífeyrir var valinn),

> ef nýtt upphaf lífeyrisgreiðslna er að minnsta kosti 5 árum eftir að tryggingin tók gildi, og

> ef ný lífeyririnn hefst ekki meira en fimm árum fyrir upphaflega dagsetningu lífeyrisgreiðslna.

Greiðsla iðgjalda hættir þegar lífeyrisgreiðslur hefjast, ef hún hefur ekki þegar stöðvast. Ef lífeyrir er tekinn út snemma er mögulegt að tryggðar dánar bætur séu ekki að fullu tiltækar fyrir starfslok.

Upphæð lífeyrisins er reiknuð út frá tiltækri samningsinneign við upphaf lífeyrisgreiðslna, að frádregnu gjaldi að upphæð 100 evrur, samkvæmt sömu reglum og voru upphaflega samþykktar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna, skv. gr. 11. Gjaldið á ekki við um reglulegar greiðslur á greiðslutímabilinu.

- (15) Ef valið er um starfslok með tryggðu lífeyristímabili, gildir eftirfarandi:

Ef breyting verður á upphafsdagsetningu lífeyrisgreiðslna er samþykktu tryggðu lífeyristímabili haldið eftir, að því gefnu að ekki sé farið yfir hámarks leyfilegt lífeyristímabil vegna frestunar á upphafi lífeyrisgreiðslna. Í þessu tilfalli er tryggða lífeyristímabilið stýtt niður í hámarks leyfilegan tíma. Hámarks leyfilegt tryggt lífeyristímabil fer eftir útreiknuðum aldri (*útreiknaður aldur er munurinn á milli dagatalsársins sem lífeyrir hefst og fæðingarárs*) hins tryggða við upphaf lífeyrisgreiðslna. Þetta tryggða lífeyristímabil er reiknað út samkvæmt eftirfarandi töflu:

Starfslokaaldur	Hámarks tryggt lífeyristímabil
allt að 75	fram að 85 ára aldri
76 til 80	10 ár
81 til 85	5 ár

Ef þú velur um reglulegar greiðslur með tryggtu lífeyristímabili án þess að gefa upp lengd þess (t.d. ef gerð greiðslna er breytt samkvæmt gr. 12), er hámarks leyfilegt tímabil valið sem tryggt lífeyristímabil.

Möguleiki á höfuðsjóðsgreiðslu

(16) Þú hefur rétt á að biðja um staka heildargreiðslu frá okkur (höfuðsjóðsgreiðsla) í stað þess að fá lífeyrisgreiðslur. Þessi höfuðsjóðsgreiðsla getur verið greidd við samþykkt upphaf lífeyris eða á greiðslutímabilinu, á upphafsdegi tryggingar. Í þessu tilfalli verður hinn tryggði að vera á lífi þegar þessi dagsetning rennur upp. Umsókn þín um höfuðsjóðsgreiðslu verður að berast okkur a.m.k. þremur mánuðum fyrir gjald-daga fyrstu reglulegu lífeyrisgreiðslunnar. Samningnum lýkur þegar höfuðsjóðsgreiðslan er greidd út. Lykildagsetningin til að ákvarða virði hluta þinna í öðrum eignum er síðasi viðskiptadagur sjóðsins fyrir dagsetningu höfuðsjóðsgreiðslunnar. Af tæknilegum ástæðum er eingöngu hægt að greiða út höfuðsjóðsgreiðsluna nokkrum dögum eftir þessa dagsetningu.

Bótargreiðslur ef hinn tryggði lætur lífið

(17) Ef hinn tryggði lætur lífið **á meðan á biðtímanum stendur** (það er tíminn á milli dagsins sem tryggingin tók gildi og þar til bótargreiðslur hefjast), greiðum við út inneign samningsins. Við munum greiða út minnst þau iðgjöld sem hafa þegar verið greidd fram að upphaflega samþykktu upphafi lífeyrisgreiðslna, fyrir utan gjöld fyrir allar meðfylgjandi viðbótargreiðslur (lágmarks dánar bætur).

Á greiðslutímabilinu (sjá gr. 13) greiðum við út samningsinneignina við andlát hins tryggða.

Lykildagsetningin til að ákvarða virði hluta þinna í öðrum eignum er fyrsti viðskiptadagur sjóðsins eftir móttöku dánarvottorðs. Tæknilega er eingöngu hægt að greiða út dánar bætur nokkrum dögum eftir þessa dagsetningu.

(18) Ef hinn tryggði lætur lífið **eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast**, á eftirfarandi við: Við greiðum út útreiknaðan lífeyri fram að lokum tryggða lífeyristímabilsins (sjá gr. 9). Ef hinn tryggði deyr eftir að tryggða lífeyristímabilið er liðið, greiðum við engar bætur ef hinn tryggði lætur lífið og samningnum lýkur. Hægt er að sjá lýsingu á dánarbótum eftir upphaf reglulegra greiðslna ef sveigjanlegur lífeyrir er valinn í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri.

Sérstök ákvæði fyrir aukalega örorkutryggingu

(19) Aukaleg örorkutrygging þjónar þeim tilgangi að tryggja gegn hættu á örorku. Iðgjöldin sem fara til aukalegu örorkutryggingarinnar hafa engin áhrif á trygginguna í samræmi við gr. 1 og 3. Ef hinn tryggði verður fyrir örorku mun aukalega örorkutryggingin veita honum undanþágu frá því að greiða allt iðgjaldið. Ef það er samþykkt er örorkulífeyririnn einnig greiddur út. Hægt er að taka út aukalega örorkutryggingu fram að 67 ára útreiknuðum aldri í mesta lagi. Henni lýkur við samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna, en ef beðið hefur verið um að lífeyrisgreiðslur hefjist fyrr (sjá gr. 14) við upphaf þeirra greiðslna. Hægt er að sjá vörulýsingu og aðrar upplýsingar í almennum skilmálum og skilyrðum fyrir aukalegu örorkutryggingu VPV.

Gerð þjónustu

(20) Við veitum þjónustuna eingöngu á peningaformi. Ekki er hægt að flytja bréf sjóðsins.

Lokadagsetning samnings

(21) VPV Freiheits-Rente samningnum lýkur við andlát hins tryggða (sjá einnig gr. 18), uppsögn eða höfuðsjóðsgreiðslu.

Bætur okkar vegna gróðapátttöku

(22) Mögulegar bætur gætu orðið vegna gróðapátttöku (sjá § 2). Hins vegar er heildarupphæð samningsinneignar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna beint háð þróun á fjárfestingasjóðnum sem þú tekur þátt í (sjá gr. 4).

Sérstök ákvæði fyrir ófullráða tryggðan einstakling

(23) Ef þú hefur tryggt barn þitt og hinn tryggði lætur lífið áður en hann nær sjö ára aldri, takmarkast dánar bætur við eðlilegan útfararkostnað (8.000 evrur almennt).

(24) Ef þú hefur tryggt ófullráða barn þriðja aðila án samþykkis löglegs forráðamanns, gildir eftirfarandi: Dánarbætur samningsins takmarkast við eðlilegan útfararkostnað.

Þessi takmörkun á ekki við ef hinn tryggði tekur yfir trygginguna. Þessi takmörkun fellur einnig úr gildi að þinni beiðni ef þú leggur fram skriflegt samþykki hins tryggða eftir að hann er orðinn fullráða, eða skriflegt samþykki löglegs forráðamanns hins tryggða fyrir niðurfellingu á takmörkuninni.

§ 2

Hvernig er gróðapátttakan reiknuð út?

- (1) Við deilum umframgróða og matssjóðnum (gróðapátttaka) með þér. Bætur vegna gróðapátttöku geta einnig verið núll evrur. Í eftirfarandi málsgreinum verður útskýrt
- > hvernig við reiknum út umframgróða fyrirtækis okkar á hverju viðskiptaári og hvernig hann er notaður (gr. 2),
 - > hvernig samningur þinn fær hlutdeild í umframgróðanum (gr. 3 og 4),
 - > hvernig matssjóður er myndaður og hvernig honum er deilt út til samnings þíns (gr. 5 og 6),
 - > hvernig upphæð lífeyris þíns er reiknuð út og hvernig við deilum út umframgróða og matssjóði til lífeyrisgreiðslna (gr. 7 og 8),
 - > af hverju við getum ekki tryggt upphæð gróðapátttöku fyrir samning þinn (gr. 9) og
 - > hvernig við upplýsum þig um gróðapátttökuna (gr. 10 og 11).

Hvernig reiknum við út umframgróða fyrirtækis okkar á hverju viðskiptaári og hvernig er hann notaður?

(2) Við reiknum út umframgróða fyrirtækis okkar (brúttógróða) sem verður á hverju viðskiptaári í samræmi við viðskiptalög og reglugerðir. Með því að nota árlegar viðskiptaskýrslur ákvorðum við hve mikinn hluta af brúttógróðanum má nota í gróðapátttöku fyrir alla samninga sem taka þátt. Með því að gera það, hlítum við reglugerðum, sérstaklega reglugerðinni um lágmarksútteilingu á gróða [Verordnung über die Mindestbeitragsrückerstattung in der Lebensversicherung].

Tiltækum hluta brúttógróðans er síðan útteilt sem jendurgreiðslu á iðgjöldum, nema ef við leggjum hann beint inn á tryggingar sem hafa heimild til að taka þátt í gróða með beinni millifærslu. Tilgangur endurgreiðslna á iðgjöldum er að jafna út sveiflur á umframgróðanum á milli ára. Sem grunnregla má aðeins nota endurgreiðslu á iðgjöldum sem gróðapátttöku fyrir tryggingataka. Við getum aðeins breytt út frá þessari reglu með heimild frá eftirlitsaðilum í sérstökum tilfellum sem lýst er í lögum.

Kröfur um ákveðna upphæð fyrir þátttöku samnings þíns í gróðanum verða ekki til frá útteilingu á endurgreiðslu iðgjalda.

Hvernig fær samningurinn þinn hlutdeild í gróðanum?

(3) Við höfum tekið saman mismunandi gerðir trygginga (t.d. lífeyristryggingu, líftryggingu, örorkutryggingu) í eignahópa. Við myndum eignahópa til að fylgjast með mismunandi tryggingaráhættum. Þegar eftirstöðvum er deilt til einstaka samninga notum við orsakamiðað ferli. Í þeim tilgangi getum við skipt eignahópum frekar niður með því að mynda undirhópa ef þess þarf. Við deilum út eftirstöðvum með það í huga að eignahópar eða undirhópar hafi stuðlað að myndun þeirra. Ef eignahópur eða undirhópur hefur ekki stuðlað að myndun eftirstöðvanna á hann ekki rétt á gróðapátttöku. Samningur þinn er skráður í stöðuhóp 131 fyrir upphafsdagsetningu lí-

feyrisgreiðsla. Eftir að lífeyrir með tryggðu lífeyristímabili er hafinn er samningur þinn skráður í stöðuhóp 113 eða 125 fyrir FRK gjaldskrá. Eignasafnshópurinn fyrir sveigjanlegan lífeyri kemur fram í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri.

(a) Núverandi eftirstöðvar

Við veitum eftirfarandi eftirstöðvar til hvers samnings sem núverandi hlutdeild í eftirstöðvum.

Samningurinn þinn fær vaxtatekjur vegna eftirstöðva frá upphafi lífeyris. Við ákveðum hlutdeild í nettóvaxtatekjum í hlutabréfunum sem prósentu af inneigninni.

Að auki fær samningur þinn hluta áhættueftirstöðva. Áhættueftirstöðvahlutinn er reiknaður út sem prósentu af mánaðarlegri áhættugreiðslu. Áhættugreiðslan er sá hluti af upphæðinni sem er útreiknaður fyrir fjármögnun á lágmarks dánarbotum sjá § 1 mgr. 17).

Að auki getur samningurinn þinn fengið kostnaðareftirstöðvar sem eru reiknaðar út sem prósentu af viðeigandi sjóðseignum. Samningurinn þinn getur fengið frekari hlutdeild í kostnaðareftirstöðvum, sem eru föst prósentu af iðgjöldunum.

Allar þessar eftirstöðvar eru notaðar til að fjárfesta í sjóðshlutum og hækka innistæðu samningsins.

Útdeiling á núverandi eftirstöðvum fer fram mánaðarlega. Við gefum út tilkynntar gróðapátttökuupphæðir (nettóvaxtatekjur, nettóáhættupátttaka og nettókostnaðarpátttaka) í ársskýrslu okkar. Upphæð þeirra getur breyst yfir samningstímabilið. Einnig getur upphæð þeirra verið núll.

(b) Lokaftirstöðvar

Ef hinn tryggði lifir fram að eftirlaunaaldri, greiðum við lokaftirstöðvar til viðbótar við núverandi hlutdeild í eftirstöðvum. Viðmiðið fyrir þetta getur verið heildarupphæð áhættugjalda eða iðgjalda sem eru greidd. Ef höfuðsjóðsgreiðsla er greidd út eru lokaftirstöðvar greiddar út. Ef hinn tryggði lætur lifið áður en starfslok hefjast eða við endurkaup, eru lækkaðar lokaftirstöðvar greiddar út.

Við birtum lokanettótekjuprósentu sem er föst í eitt ár í ársskýrslu okkar. Hún getur breyst og einnig verið núll.

- (4) Stjórnarnefnd ákveður árlega, samkvæmt ábyrgum tryggingafræðingi, hvernig eftirstöðvunum er deilt út og ákvarðar samsvarandi þátttökuprósentu fyrir eftirstöðvar (eftirstöðvalýsing). Með þessu er tryggt að dreifingin sé orsakatengd. Samningurinn þinn fær hlutdeild í eftirstöðvunum samkvæmt eftirstöðvalýsingunni. Fjármagnið fyrir þessu fæst sem bein inneign frá útkomu viðskiptaársins, en er annars tekið úr ákvæðinu fyrir iðgjaldssjóði.

Hvernig er matssjóður myndaður og hvernig honum er deilt út til samnings þíns?

- (5) Matssjóður myndast þegar markaðsgildi höfuðsjóðsfjárfestinga í hlutabréfunum fer yfir samsvarandi skráð gildi sitt samkvæmt viðskiptalögum. Við deilum út matssjóðnum til samninganna á pro rata grundvelli, sem þarf að taka með í reikninginn samkvæmt viðeigandi lagaákvæðum fyrir þátttöku samninganna. Með þessu notum við orsakatengt ferli. Matssjóðir á fjárfestingar með fasta vexti hafa verið stofnaðir samkvæmt núverandi gildum eftirlitsreglum (sjá § 139 mgr. 3 VAG) að því marki að þeir uppfylla núverandi öryggiskröfur (sjá § 139 gr. 4 VAG). Við endurreiknum matssjóðina að minnsta kosti árlega.

- (6) Ef uppsögn verður á sparnaðartímabilinu (vegna andláts, uppsagnar eða upphafs lífeyristímabils), gildir eftirfarandi: Við greiðum inn á samningsinneign þína hluta af matssjóðnum sem er úthlutað á þessum tímamarki í samræmi við gildandi reglugerðir.

Á lífeyristímabilinu munum við einnig veita þér hlutdeild í matssjóðnum samkvæmt gildandi reglugerðum.

Lög og reglugerðir geta orðið þess valdandi að hlutdeild á matssjóðnum sé hætt alveg eða að hluta til.

Hvernig er upphæð lífeyrisins þíns reiknuð út og hvernig veitum við hlutdeild í eftirstöðvum og matssjóðnum þegar þú færð lífeyrinn þinn greiddan?

- (7) Ef hinn tryggði byrjar að fá reglulegar lífeyrisgreiðslur, er samningsinneign og lokaftirstöðvar ásamt útdældum eftirstöðvum úr matssjóði dregin frá samkvæmt gildum útreikningum á þeim tíma.

Útreikningar eru framkvæmdir samkvæmt gildandi töflu yfir dánarlíkur og tryggingavaxtaprósentu. Gildur útreikningsgrunnur við upphaf lífeyrisgreiðslna (tafla yfir dánarlíkur og tryggingavaxtaprósentu) samsvara útreikningsgrunninum sem við notum fyrir sambærilega lífeyrstryggingu með greiðslum sem hefjast tafarlaust á þessum tíma. Ef við bjóðum ekki upp á lífeyrstryggingu af þessu tagi munum við nota útreikningsgrunn sem tryggir að við getum uppfyllt samningsbundnar skyldur okkar til frambúðar. Dánartaflan verður að vera undirbúin í samræmi við tryggingameginreglur. Ef útreikningsgrunnurinn sem gildi við upphaf lífeyrisgreiðslna er annar en grunnurinn sem var í gildi þegar tryggingin tók gildi, og ef við bjóðum ekki upp á sambærilega tryggingu með tafalausri byrjun á lífeyrisgreiðslum notum við útreikningsgrunn sem hefur verið samþykktur af sjálfstæðum samstarfsaðila.

Ef upphæð lífeyrisins sem er ákvörðuð á þennan hátt er lægri en útreiknuð upphæð samkvæmt § 1 mgr. 11 um lágmarks lífeyrisgreiðslur, þá greiðum við að minnsta kosti þessa lágmarks lífeyrisgreiðslu.

- (8) Þú færð einnig hlutdeild í eftirstöðvum og matssjóði þegar þú færð greiddan lífeyri.

Lífeyririnn hækkar árlega um tilkynnt lífeyrishækkunarhlutfall margfaldað með heildarlífeyri sem náðist á fyrra ári. Þessi þátttaka hækkar lífeyrinn varanlega. Fyrsta lífeyrishækkunin á sér stað einu ári eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast. Við birtum tilkynnt lífeyrishækkunarhlutfall í ársskýrslunni okkar. Einnig getur þessi upphæð verið núll.

Gróðapátttöku í lífeyrisgreiðslum, þegar sveigjanlegur lífeyrir er valinn, er lýst í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri.

Af hverju getum við ekki tryggt upphæð gróðapátttöku?

- (9) Upphæð gróðapátttöku byggist á mörgum þáttum sem ekki er hægt að sjá fyrir og við getum aðeins haft takmörkuð á þá. Áhrifaþættir eru fyrst og fremst þróun á mörkuðum höfuðsjóðsins, tryggingaáhættur og kostnaður. Af þessum sökum er ekki hægt að tryggja upphæð gróðapátttöku fyrirfram. Þessi upphæð getur einnig verið núll evrur.

Hvernig tilkynnum við gróðapátttökuna?

- (10) Við birtum skilgreinda gróðapátttökuupphæð árlega í ársskýrslu okkar. Við tilkynnum hana með því að gefa upp gjaldskrá eftir móttökutíma. Hægt er að sjá og sækja ársskýrsluna á vefsíðu okkar www.vpv.de eða biðja um hana frá okkur.
- (11) Við látum þig vita árlega af tryggingarinneign þinni, í fyrsta skipti í lok fyrsta tryggingarársins. Þegar það er gert, tökum við gróðapátttöku samningsins þíns með í reikninginn.

§ 3

Hvenær tekur tryggingin þín gildi?

- (1) Tryggingin þín tekur gildi þegar þú hefur undirritað samninginn við okkur. Hins vegar eru engar bætur tryggðar fyrir byrjun tryggingar eins og tekið er fram í tryggingasamningnum. Efnadaskylda okkar gæti fallið niður ef þú greiðir ekki iðgjöld á réttum tíma (sjá § 11 gr. 2 og 3 og § 15).
- (2) Ef gerður hefur verið samningur um tímabundna tryggingu við þig þarf hann ekki að hlíta ákvæðunum í gr 1.

§ 4**Hvað á við um lögreglu- eða herþjónustu, óeirðir, stríð eða notkun á kjarnorku- lífrænum- eða efnavopnum / efnunum?**

- (1) Sem meginreglu munum við greiða óháð orsök fyrir tryggða atburðinum. Við greiðum einnig ef hinn tryggði lætur lífið við að gegna lögreglu- eða herskyldu eða í borgaralegum óeirðum.
- (2) Ef hinn tryggði deyr í beinum eða óbeinum tengslum við stríðstengda atburði, eru lágmarks dánar bætur ekki greiddar út (sjá § 1 mgr. 17). Í þessu tilfalli eru efndir okkar takmarkaðar við greiðslu á samningsbundinni inneign. Við reiknum út samningsbundna inneign á fyrsta viðskiptadegi sjóðanna eftir móttöku dánarvottorðs. Lágmarks dánar bætur falla ekki niður ef hinn tryggði lætur lífið í beinum eða óbeinum tengslum við stríðstengda atburði sem hann varð fyrir er hann dvaldi utan Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.
- (3) Í eftirfarandi tilfellum eru efndir okkar takmarkaðar við greiðslu á samningsbundinni inneign:
 - Hinn tryggði lætur lífið í beinum eða óbeinum tengslum við
 - > viljandi notkun á kjarnorku- lífrænum- eða efnavopnum, eða
 - > viljandi notkun eða losun á efnunum út í umhverfið sem eru geislavirk, lífræn eða efnafræðileg.
 Notkun eða losun verður að miða að því að hætta lífi fjölda manna og verður að leiða til þeirrar niðurstöðu að ekki sé lengur hægt að tryggja veitingu á þeirri þjónustu sem lofað var. Þetta verður að vera staðfest af sjálfstæðum ábyrgðaraðila. Við reiknum út samningsbundna inneign á fyrsta viðskiptadegi verndarsjóðanna eftir móttöku dánarvottorðs.

§ 5**Hvaða ákvæði gilda ef hinn tryggði fremur sjálfsmorð?**

- (1) Ef viljandi sjálfsmorð á sér stað veitum við þá þjónustu sem var samþykkt fyrir andlát ef að minnsta kosti **þrjú ár hafa liðið** frá því að samningurinn tók gildi.
- (2) Ef hinn tryggði fremur viljandi sjálfsmorð **fyrir** þriggja ára frestinn, munum við greiða dánar bætur upp að sömu upphæð og uppsagnargildi samningsins þíns útreiknað fyrsta viðskiptadag fyrir sjóðina eftir móttöku dánarvottorðs (sjá § 19) fyrir utan frádráttinn sem lýst er í § 19 mgr. 5 . Hins vegar, ef við fáum sönnun fyrir því að hinn tryggði framdi sjálfsmorð í alvarlegri geðshræringu og hafði ekki stjórn á eigin vilja, þá greiðum við að minnsta kosti lágmarks dánar bætur (sjá § 1 mgr. 17).
- (3) Ef skylda okkar til efnada er framlengd með viðauka við samninginn eða ef samningurinn er tekinn í gildi að nýju, mun þriggja ára fresturinn fyrir viðaukan eða endurgilda hlutann byrja upp á nýtt.

§ 6**Hvað þýðir forsamningsbundin upplýsingaskylda og hverjar eru afleiðingarnar ef hún er ekki virt?****Forsamningsbundin upplýsingaskylda**

- (1) Þér er skylt, þar til þú sendir inn samningsbundna yfirlýsingu þína, að gefa upp satt og að fullu allar tengdar kringumstæður fyrir áhættuna sem þú þekkir af og við höfum beðið um á textasniði (*á læsilegu sniði t.d. á pappír eða í tölvupósti*). Kringumstæður sem eru viðeigandi fyrir ákvörðun okkar um að undirrita samninginn yfirleitt eða fyrir samþykkt efni hans eru einnig viðeigandi fyrir áhættuna. Þessi upplýsingaskylda á einnig við um spurningar hvað varðar áhættutengdar kringumstæður, sem við munum senda þér á textasniði eftir að samningurinn hefur verið útskýrður fyrir þér, en áður en hann hefur verið samþykktur.

- (2) Ef líftryggja á aðra manneskju, er þeirri manneskju -og þér skylt að svara spurningunum satt og að fullu.
- (3) Ef annar aðili svarar spurningum fyrir þína hönd um hættulegar kringumstæður og ef sá aðili veit af hættulegum kringumstæðum eða svarar óheildarlega, verður litið svo á sem að þú sjálf(ur) hafi vitað af þeim eða svarað óheildarlega.

Refsing vegna vanefnda á upplýsingaskyldu

- (4) Hér með upplýsum við þig um við hvaða kringumstæður við getum framkvæmt eftirfarandi hluti ef upplýsingaskyldu er ekki framfylgt
 - > sagt okkur frá samningnum
 - > sagt samningnum upp
 - > breytt samningnum, eða
 - > mögulega kært samninginn vegna sviksamlegra rangfærsla.

Úrsögn

- (5) Ef forsamningsbundin upplýsingaskylda er ekki uppfyllt getum við sagt okkur frá samningnum. Rétturinn á úrsögn er ekki til staðar ef hvorki vanefndir á upplýsingaskyldu af ásetningu eða vítaverðu gáleysi eru til staðar. Þó svo að upplýsingaskylda sé ekki uppfyllt vegna vítaverðs gáleysis, höfum við samt sem áður ekki rétt á úrsögn ef við hefðum samþykkt samninginn - mögulega við aðrar kringumstæður (*s.s. hærrí iðgjöld eða takmörkuð trygging*) - þó svo að við hefðum vitað af upplýsingunum sem voru ekki gefnar upp.
- (6) Við úrsögn hefur þú enga tryggingu. Ef við segjum okkur frá samningnum eftir að tryggður atburður hefur átt sér stað, höfum við samt sem áður bótaskyldu undir eftirfarandi kringumstæðum: Vanefnd á upplýsingaskyldu var ekki gerð í sviksamlegum tilgangi og tengist efnislegum aðstæðum sem orsökudust:
 - > ekki fyrir tilkomu eða ákvörðun tryggðs atburðar
 - > fyrir ákvörðun eða umfang skuldbindingar okkar til að greiða.
- (7) Ef samningnum er sagt upp greiðum við uppsagnargjaldið að frádrægni gjaldi í samræmi við §19. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu á iðgjöldum.

Uppsögn

- (8) Ef réttur okkar til uppsagnar er útilokaður vegna þess að vanefndir á upplýsingaskyldu voru hvorki viljandi né vegna stórfellds gáleysis, megum við rifta samningnum með eins mánaðar fyrirvara. Við afsöllum okkur rétti okkar í §19 mgr. 3, setningu 2 í VVG að segja upp samningnum vegna vanefnda á upplýsingaskyldu vegna atburðar sem þú berð ekki ábyrgð á.
- (9) Uppsagnarréttur okkar fellur niður ef við höfum samþykkt samninginn - mögulega með öðrum skilyrðum (*t.d. hærrí iðgjaldgreiðsla eða takmörkuð trygging*) - jafnvel þótt við vissum af ótilkynntum áhættutengdum kringumstæðum.
- (10) Ef við segjum upp samningnum verður honum breytt í samning án iðgjalda í samræmi við § 20.

Breytingar á samningi

- (11) Ef við ekki sagt okkur úr eða sagt upp samningnum vegna þess að við samþykktum samninginn - mögulega með öðrum skilyrðum (*t.d. hærrí iðgjaldgreiðsla eða takmörkuð trygging*) - þó svo að vitneskja af ótilkynntum áhættutengdum kringumstæðum hefði leyft það (gr. 5 setning 3 og mgr. 9), skulu önnur skilyrðin afturvirk verða hluti af samningnum að beiðni okkar. Við afsöllum okkur rétti okkar í §19 mgr. 4, setningu 2 í VVG breyta skilyrðunum í núverandi tryggingatímabili vegna vanefnda á upplýsingaskyldu sem þú berð ekki ábyrgð á.
- (12) Þú mátt segja upp samningnum án fyrirvara innan eins mánaðar frá því að þú færð tilkynningu frá okkur um breytingar á samningnum ef
 - > við hækkuðum iðgjöld um meira en 10% sem samningsbreytingu eða

- > við útilokum áhættutryggingu fyrir ótilgreindar kringumstæður.
- Við munum láta þig vita af þessu í tilkynningunni um samningsbreytingarnar.

Ákvæði fyrir nýtingu á réttindum okkar

- (13) Við höfum einungis rétt á að segja okkur frá samningnum, segja samningnum upp eða breyta samningnum ef við höfum upplýst þig í sérstakri skriflegri tilkynningu um afleiðingar þess að uppfylla ekki upplýsingaskyldu.
- (14) Við höfum ekki rétt á að segja okkur frá samningnum, segja samningnum upp eða breyta samningnum ef við vissum af ótilkynntum kringumstæðum eða að tilkynningin væri röng.
- (15) Við höfum eingöngu rétt á að segja okkur frá samningnum, segja samningnum upp eða breyta samningnum með eins mánaðar fyrirvara. Sá tími hefst þegar við fáum vitneskju af vanefndum á upplýsingaskyldu sem veitir okkur leyfi til að nýta réttindi okkar. Þegar við nýtum réttindi okkar verðum við að gefa upp ástæður fyrir tilkynningu okkar um það. Einnig megum við gefa upp aðrar ástæður ef tímatakmörkin samkvæmt setningu eitt hafa ekki runnið út fyrir þær ástæður (setning 1).
- (16) Eftir að fimm ár hafa liðið frá samningslokum teljast réttindi okkar til að segja okkur frá samningnum, segja samningnum upp eða breyta samningnum vera útrunnin. Ef tryggður atburður verður áður en þessi tími hefur liðið, megum við nýta réttindi okkar jafnvel eftir að tíminn er útrunnin. Ef upplýsingaskylda hefur ekki verið uppfyllt viljandi eða sviksamlega er tímabilið tíu ár.

Niðurfelling

- (17) Við megum einnig andmæla samningnum ef ákvörðun okkar um að samþykkja samninginn var viljandi undir áhrifum frá röngum eða ófullnægjandi upplýsingum. Ef upplýsingarnar varða hinn tryggða getum við tilkynnt **þér um andmælin**, jafnvel þótt þú hafir ekki vitað um brot á forsamningsbundinni upplýsingaskyldu. Mgr. 7 á við í samræmi við þetta.

Framlenging á þjónustu/endurnýjun samnings

- (18) Mgr. 1 til 17 eiga við mutatis mutandis ef tryggingin er framlengd í kjölfarið eða endurupptekin og nýtt áhættumat er þess vegna framkvæmt. Fresturinn samkvæmt gr. 16 hefst aftur með breytingu á samningi eða endurnýjun hans hvað varðar breytta eða endurnýjaða hlutann.

Móttakandi tilkynningar

- (19) Við áskiljum okkur réttinn til að segja okkur frá samningnum, segja samningnum upp, breyta samningnum og andmæla samningnum með skriflegri tilkynningu sem við sendum til þín. Bótaþegi telst hæfur til að fá slíka tilkynningu eftir andlát þitt, nema þú hafir tilnefnt annan aðila sem viðurkenndan fulltrúa þinn. Ef enginn bótaþegi er til staðar eða ekki er hægt að ákvarða hann, getum við talið handhafa tryggingaskírteinsins vera hæfan til að taka á móti tilkynningunni.

§ 7

Hvað þarf að hafa í huga ef þörf er á þjónustu?

- (1) Ef bætur eru þegnar samkvæmt samningnum getum við krafist þess að tryggingaskírteinið og fæðingavottorð hins tryggða ásamt upplýsingum sem er lýst í § 23 séu afhend okkur.
- (2) Við megum biðja um opinbera staðfestingu þess efnis, á okkar kostnað, að hinn tryggði sé enn á lífi, áður en lífeyrir eða heildargreiðsla eru greidd.
- (3) Tilkynna verður tafarlaust um andlát hins tryggða til okkar (þ.e. án óþarfa tafa). Að auki verður að senda okkur opinbert dánarvottorð þar sem fram koma aldur og fæðingarstaður. Að auki verður að senda okkur nákvæmt læknisvottorð eða

opinbera staðfestingu á dánarorsök. Vottorðið verður að gefa upp upphaf og lengd sjúkdómsins sem leiddi til dauða hins tryggða.

- (4) Okkur er heimilt að krefjast frekari upplýsinga og sannana ef það er nauðsynlegt til að skýra skyldu okkar til efnda. Bótaþegi skal bera kostnaðinn af þessu.
- (5) Bætur okkar skulu greiddar út eftir að við höfum lokið nauðsynlegri rannsókn til að ákvarða tryggða atburðinn og umfang skyldu okkar til bótagreiðslna. Ef eitt af ákvæðunum í gr. 1 til 4 eru ekki uppfyllt getur það þýtt að við getum ekki ákvarðað hvort eða upp að hvaða leyti okkur ber skylda til að greiða bætur. Slíkar vanefndir á uppfyllingu ákvæða getur þar af leiðandi leitt til að okkur ber ekki skylda til að greiða bætur.
- (6) Ef þjónusta er flutt til lands utan evrópska efnahagssvæðisins skal móttakandi bera tengda áhættu og allan aukakostnað.

§ 8

Hvaða þýðing hefur tryggingin?

- (1) Við getum sent þér trygginguna á textasniði (*á læsilegu sniði svo sem á pappír eða í tölvupósti*). Við gerum skjalið tiltækt á pappírssniði. Þú getur beðið um að tryggingin sé gefin út sem skírteini.
- (2) Við getum litið á handhafa skírteinisins sem réttihafa á þeim réttindum sem lýst er í samningnum, þ.á m. fyrir móttöku á þjónustu. Hins vegar getum við krafist þess að handhafi skírteinisins sanni að hann sé löglegur réttihafi.

§ 9

Hver fær þjónustuna?

- (1) Sem tryggingataki hjá okkur getur þú ákveðið hver fær bæturnar. Ef þú ákveður ekki bótaþega eru þær greiddar til þín eða arftaka þinna.

Bótaþegar

- (2) Þú getur veitt okkur afturkallanlegt eða óafturkallanlegt nafn aðilans sem á að þiggja þjónustuna (bótaþegi). Ef þú ákveður að nafnið sé **afturkallanlegt** fær bótaþegi ekki rétt á bótunum fyrr en viðeigandi tryggður atburður á sér stað. Þar af leiðandi er þér heimilt að afturkalla ákvörðun þína hvenær sem er þar til að tryggði atburðurinn á sér stað. Ef við greiðum lífeyri hefst nýr tryggingaratburður við hvern greiðsludag lífeyris. Þú getur lýst því yfir að réttmætur kröfuhafi eigi tafarlaust og **óafturkallanlegan** rétt á að þiggja þjónustuna. Um leið og við höfum móttekið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að breyta henni með samþykki aðilans sem hlaut óafturkallanlega réttinn.

Framsal

- (3) Þú mátt framselja réttinn til þriðju aðila til að þiggja bætur í heild eða að hluta til þar til viðeigandi tryggður atburður verður, svo lengi sem slíkt framsal er lagalega mögulegt.

Tilkynning

- (4) Veiting og afturköllun á rétti til að þiggja bætur (mgr. 2) ásamt framsali (mgr. 3) taka aðeins gildi að okkar mati ef þau hafa verið tilkynnt okkur af áður réttmætum aðila á textasniði (*á læsilegu sniði, s.s. á pappír eða í tölvupósti*). Sem regla er fyrri bótaþegi þú sem handhafi tryggingarinnar. Hins vegar gætu aðrir aðilar verið bótaþegar líka, að því gefnu að þú hafir þegar gert ráðstafanir (*óafturkræfur bótaréttur, framsal*).

§ 10**Hvernig eru iðgjöldin þín notuð?**

- (1) Við leggjum greiðslur þínar eða með greiðslur inn á samningsinneign þína nema þeim sé ætlað að standa undir kostnaði. Við drögum annan kostnað frá samningsinneigninni (sjá § 21).
Við þurfum hluta iðgjalda þinna til að standa undir áhættu á andláti (áhættuiðgjöld). Við reiknum út áhættuiðgjöld samkvæmt viðurkenndum tryggingaútreikningum og drögum þau mánaðarlega frá samningsinneigninni. Samningsinneign er endurútdeld mánaðarlega og fjárfest í verndarsjóðnum, tryggingalausastjóðnum og í öryggissjóðnum. Útdeilingin fer fram samkvæmt viðurkenndum útreikningum. Tryggðar bætur eru teknar með í reikninginn. Við fjárfestingu leggjum við til grundvallar verð hlutanna á fyrsta viðskiptadegi mánaðarins.
- (2) Ef þú tekur VPV Freiheits-Rente fyrir einföld iðgjöld er inngöngustýring innifalin á fyrsta tryggingarárinu. Fyrsta mánuðinn er eingöngu fjárfest í öryggissjóði. Lágmarkshluti samningsinneignar er einnig fjárfestur í tryggingunni á eftirfylgjandi mánuðum. Á fyrsta tryggingarárinu lækkar lágmarkshlutdeild jafnt niður í núll prósent í hverjum mánuði.
- (3) Við notum iðgjöldin fyrir meðfylgjandi viðbótartryggingar til að fjármagna tryggðar áhættur.

§ 11**Hvað ættirðu að hafa í huga þegar þú greiðir iðgjöldin?**

- (1) Þú getur tekið VPV Freiheits-Rente gegn venjulegum iðgjöldum (FR og FRK gjaldskrár) eða gegn stakri greiðslu (FRE gjaldskrá). Eftir því hver samningurinn er getur þú greitt regulega mánaðarlega, á þriggja mánaða fresti, á sex mánaða fresti eða einu sinni á ári.
- (2) Fyrsta iðgjaldið eða staka iðgjaldið (innlausnariðgjald) verður að greiðast tafarlaust (*b.e. án óþarfa tafa*) eftir að samningur er undirritaður, en ekki áður en samþykkt trygging hefst með þér samkvæmt samningi. Öll önnur iðgjöld (eftirstandandi iðgjöld) verður að greiða við upphaf samþykks tryggingatímabils. Tryggingatímabilið er í einn mánuð fyrir stakt iðgjald og mánaðarlegar greiðslur, en annars, eitt ár, hálf ár eða þrjú mánuðir eftir greiðslutilhögum þinni.
- (3) Þú hefur greitt iðgjaldið **á réttum tíma** ef þú hefur gert allt sem í þínu valdi stendur til að tryggja að greiðslan nái til okkar fyrir eindaga (gr. 2). Ef samþykkt hefur verið að millifæra iðgjaldið sjálfkrafa frá bankareikningi, telst greiðslan hafa verið gerð á réttum tíma í eftirfarandi tilfellum:
> Hægt var að millifæra greiðsluna á eindaga og
> Þú andmæltir ekki réttmætri millifærslu.
Ef við gátum ekki innheimt iðgjaldið, án þess að sökin sé þín, telst greiðslan samt sem áður vera gerð á réttum tíma ef hún er framkvæmd tafarlaust eftir kröfu okkar um greiðslu. Ef þú berð endurtekið ábyrgð á því að ekki sé hægt að innheimta greiðsluna, eigum við rétt á að krefjast greiðslu utan beinnar millifærslu í framtíðinni.
- (4) Við innheimtum iðgjaldið frá reikningnum sem okkur var gefinn upp, með beinni millifærslu á eindaga.
- (5) Nauðsynlegt er að fá skriflegt samþykki frá okkur til að fresta greiðslu iðgjalda.
- (6) Þú verður að greiða iðgjöldin á eigin áhættu og kostnað.
- (7) Þegar bótagreiðsla hefst, drögum við frá öll áfallin iðgjöld.

§ 12**Hvernig eru viðbótargreiðslur eða úttektir gerðar?****Viðbótargreiðslur**

- (1) Þú getur gert viðbótargreiðslur upp að minnsta kosti 500 evrum hvenær sem er allt að fimm árum áður en valinn upphafstími lífeyrisgreiðslna hefst.

Viðbótargreiðslur eru lagðar inn á samningsinneign þína eftir frádrátt á umsýslukostnaði þann sjöunda mánuðinn eftir móttöku. Viðbótargreiðslur eru ætlaðar til að auka við samningsinneign. Þetta þýðir að sami útreikningsgrunnur er notaður og við aðrar samningsbundnar bætur. Greiðslur samningsinneignar fer fram í samræmi við § 2 mgr. 7.

- (2) Þú getur gert viðbótargreiðslu við upphaf tryggingatímabilsins (upphafsviðbótargreiðsla) ef þú hefur ekki tekið VPV Freiheits-Rente gegn stakri greiðslu. Við áskiljum okkur réttinn til að leggja viðbótargreiðslu við upphaf mánaðarins við tryggingasjóðinn í heild sinni eða að hluta til.
- (3) Einnig geturðu greitt viðbótargreiðslur upp að heildarupphæð viðbótargreiðslunnar í upphafi og iðgjaldgreiðslu eftir að samningurinn hefst. Iðgjaldgreiðslan er upphæð samþyktra iðgjalda aðaltryggingarinnar fyrir eitt ár, eins og lýst er í tryggingaskirteininu, margfölduð með iðgjaldgreiðslutímabilinu í árum. Þú getur gert frekari viðbótargreiðslur, að fengnu samþykki frá okkur.
Þetta ákvæði á við ef þú hefur tekið VPV Freiheits-Rente gegn stakri iðgjaldgreiðslu. Í þessu tilfelli getur þú greitt viðbótargreiðslu að heildarupphæð staka iðgjaldsins án þess að þurfa samþykki frá okkar.
- (4) Hver viðbótargreiðsla bætist við núverandi tryggingastig til að hækka tryggðar bætur samkvæmt § 1 mgr. 3 með 100 % tryggingu að hámarki.
Ef þú gerir viðbótargreiðslur á greiðslutímabilinu hækkar tryggð þjónusta að hámarki 80% í samræmi við § 1 mgr. 3.
- (5) Hver viðbótargreiðsla hækkar lágmarks dánar bætur (sjá § 1 mgr. 17) um upphæð viðbótargreiðslunnar.
- (6) Þú verður að senda okkur viðbótargreiðslur á texta sniði v (*á læsilegu sniði s.s. á pappír eða tölvupósti*)

Úttektir

- (7) Þú getur tekið út fé frá samningsinneigninni við upphaf hvers tryggingatímabils áður en lífeyrisgreiðslur hefjast - í fyrsta lagi einu ári eftir að tryggingatímabil hefst. 100 evru gjald er rukkað fyrir þetta, sem er dregið frá samningsinneigninni. Tryggður lífeyrir og lágmarks dánar bætur eru lækkaðar í samræmi við þá upphæð sem tekin er út. Fyrir samninga án iðgjalda er aðeins hægt að taka út ef samningsinneignin er að minnsta kosti 2000 evrur eftir að úttektin er framkvæmd.

§ 13**Hvernig er hægt að hækka eða lækka iðgjöldin?****Hækkun iðgjalda**

- (1) Þú getur - í fyrsta lagi einu ári eftir að tryggingin tekur gildi - hækkað varanlega iðgjöldin þín þar til hinn tryggði nær 59 ára útreiknuðum aldri (*útreiknaður aldur hins tryggða er mismunurinn á milli dagatalsárs hækkunardagsetningarinnar og fæðingarárs*). Þú getur einnig hækkað iðgjöldin seinna, að fengnu samþykki frá okkur.
Hækkuðu iðgjöldin eru lögð inn á samninginn þinn að frádregnum innheimtu- og umsýslukostnaði (sjá § 10). Þau hækka samningsinneignina. Þannig eru sömu útreikningar notaðir fyrir eftirstandandi samningsinneign. Greiðslur samningsinneignar fer fram í samræmi við § 2 mgr. 7.
- (2) Hver iðgjaldshækkun er að minnsta kosti €2,50 fyrir mánaðarlegar greiðslur, €7,50 fyrir ársfjórðungsgreiðslur, €15 fyrir hálfársgreiðslur og €30 fyrir árlegar iðgjaldsgreiðslur.
Árleg hækkun iðgjalda takmarkast við 50% af fyrri greiðslu að hámarki. Nýja heildariðgjaldið fyrir aðaltrygginguna má ekki fara yfir €300 fyrir mánaðarlegar greiðslur, €900 fyrir ársfjórðungsgreiðslur, €1800 fyrir hálfársgreiðslur og €3600 fyrir árlegar iðgjaldsgreiðslur. Þessi hámarksupphæð felur ekki í sér áætlaðar hækkaðir á iðgjöldum fyrir samninga með breytilega hækkun á bótagreiðslum og iðgjöldum.
Að auki takmarkast nýja iðgjaldið við tvöfalda upphæð iðgjaldsins sem var greitt við upphaf samningsins (sjá § 12

mgr. 3, setningu 2).

Hægt er að hækka iðgjöldin frekar, að fengnu samþykki frá okkur.

- (3) Hver iðgjaldahækkun skal bæta við hækkun tryggðra bóta í samræmi við § 1 mgr. 1 með samsvarandi núverandi tryggingamarki. En með 100 % tryggingu að hámarki.
- (4) Lágmarks dánarbætur (sjá § 1 gr. 17) tekur alla hækkaða iðgjaldagreiðslu með í reikninginn til fulls.
- (5) Þú verður að senda okkur tilkynningar um iðgjaldahækkunir á textasniði (*á læsilegu formi, s.s. á pappír eða í tölvupósti*). Hækkaða iðgjaldið skal greiða á dagsetningu valdri af þér, í fyrsta lagi við upphaf næsta mánaðar. Ef ekkert iðgjald er greitt á völdum degi, færast greiðsludagur þess fram að næsta greiðsludegi iðgjalda.
- (6) Ef þú greiðir engin iðgjöld (*t.d. ef þú velur samning með stakri iðgjaldagreiðslu eða færð undanþágu frá greiðslu iðgjalda í gegnum viðbótar örorkutryggingu*) er ekki hægt að hækka iðgjöldin. Ekki er hægt að hækka iðgjöld fyrir örorkutryggingu í meðfylgjandi viðbótartryggingu skal fara fram innan ramma iðgjaldahækkunar samkvæmt mgr. 1.

Lækkun iðgjalda

- (7) Þú getur lækkað iðgjöld þín varanlega hvenær sem er - í fyrsta lagi einu ári eftir að tryggingin tekur gildi. Nýja iðgjaldið má ekki vera lægra en lágmarksíðgjald samkvæmt samþykki beggja aðila þegar samningurinn er undirritaður.
- (8) Ef iðgjöld eru lækkuð gildir það einnig um öll eftirfarandi iðgjöld. Tryggingastigið fyrir þessi eftirfarandi iðgjöld helst óbreytt. Hins vegar áskiljum við okkur rétt til að lækka trygðan lífeyrir sem hefur náðst til þessa ef nauðsyn þykir fyrir áframhaldandi gildi samningsins.
- (9) Ef iðgjöld eru lækkuð er 100 evru gjald innheimt, sem við drögum frá samningsinneigninni.
- (10) Ef þú hefur einnig tekið út örorkutryggingu sem viðbótartryggingu mun örorkulífeyrir þinn einnig lækka ef iðgjöldin eru lækkuð.

§ 14

Hvernig getur þú stöðvað greiðslu iðgjalda?

- (1) Að fenginni beiðni frá þér getur þú stöðvað greiðslu iðgjalda fyrir aðaltrygginguna yfir ákveðið tímabil sem þú setur fram (hlé á iðgjöldum). Hægt er að gera hlé á iðgjöldum í fyrsta lagi fimm árum eftir að tryggingin tekur gildi. Ef þú vilt hætta alveg að greiða iðgjöld skaltu vinsamlegast athuga ákvæðin í § 20. Við hlé á iðgjöldum eru dánar bætur takmarkaðar við núverandi samningsinneign. Umsýslukostnaður vegna hlés á iðgjöldum sem verður á meðan á hléinu stendur er dreginn frá samningsinneigninni.
- (2) Eftir breytingu eða endurnýjun á samningnum, hefst tímabilið aftur samkvæmt gr. 1.
Ef þú vilt gera hlé á greiðslu iðgjalda þinna eftir að samningur hefur verið breyttur eða endurnýjaður, þó svo að áður nefnt fimm ára tímabil sé ekki liðið, getum við samt sem áður leyft það. Við áskiljum okkur rétt til að hætta við breytinguna eða endurnýjunina ef nauðsyn þykir fyrir áframhaldandi gildi samningsins.
- (3) Ekki er hægt að gera hlé á iðgjöldum fyrir neinar viðbótartryggingar sem fylgja með. Ef þú vilt halda áfram með viðbótartrygginguna, gildir eftirfarandi:
Þú verður að halda áfram að greiða iðgjöld fyrir viðbótartrygginguna.
Að öðrum kosti fellur viðbótartryggingin úr gildi. Öll inneign frá viðbótartryggingunni rennur til aðaltryggingarinnar. Mögulegt uppsagnargjald getur verið innheimt. Þú getur fundið nákvæm ákvæði í skilmálunum fyrir viðbótartrygginguna.
- (4) Ef nauðsynlegt er, þegar greiðsla iðgjalda fyrir aðaltrygginguna heldur aftur áfram mun annað hvort
 - > Iðgjald hækka fyrir sömu tryggðu bætur eða
 - > tryggðar bætur lækka.

Tiltæk samningsinneign á þessum tíma er tekin með í reikninginn.

§ 15

Hvað gerist ef ég greiði ekki iðgjald á réttum tíma?

Fyrsta iðgjald eða stakt iðgjald

- (1) Ef þú greiðir ekki fyrsta iðgjaldið eða staka iðgjaldið á tilsetum tíma, getum við sagt okkur frá samningnum svo lengi sem greiðslan hefur ekki verið framkvæmd. Í þessu tilfalli getum við krafist endurgreiðslu vegna kostnaðar fyrir læk-nisskoðanir vegna staðfestingar á heilbrigði. Við eigum ekki rétt á að segja okkur frá samningnum ef hægt er að sanna að þú berir ekki ábyrgð á seinkun greiðslunnar.
- (2) Ef fyrsta iðgjaldið eða staka iðgjaldi hefur ekki verið greitt þegar tryggður atburður á sér stað, ber okkur ekki skylda til að greiða bætur. Þetta á aðeins við ef við höfum tilkynnt þér um þessar lagalegu afleiðingar í sérstakri tilkynningu á textasniði (*á læsilegu formi s.s. á pappír eða í tölvupósti*) eða með greinilegri tilvísun í tryggingasamningnum. Hins vegar ber okkur skylda til að greiða bætur ef þú getur sannað að þú berir ekki ábyrgð á því að greiðslan hafi ekki verið innt af hendi.

Frekari iðgjöld

- (3) Ef þú greiðir ekki næstu iðgjöld fyrir gjaldþaga getum við sent þér lokafrest fyrir greiðslu á textasniði á þinn kostnað. Greiðslutímabilið verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.
- (4) Ef tryggður atburður verður eftir að tilskilinn greiðslufrestur er útrunninn fellur tryggingin úr gildi eða er lækkuð ef þú átt enn eftir ógreidd iðgjöld þegar tryggði atburðurinn verður. Þetta er með þeirri forsendu að við höfum þegar tilkynnt þér um þessar lagalegu afleiðingar þegar greiðslufresturinn var ákveðinn.
- (5) Þegar greiðslufresturinn er útrunninn er okkur heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust, ef þú hefur ekki enn greitt iðgjöld, vexti eða aukakostnað. Þetta er með þeirri forsendu að við höfum þegar vakið athygli þína á þessum lagalegu afleiðingum greiðslufresturinn var ákveðinn. Við getum tilkynnt um riftun samningsins með greiðslufrestinum. Riftunin verður þá sjálfkrafa þegar greiðslufresturinn rennur út, ef þú hefur ekki enn greitt iðgjöldin á þeim tíma. Okkur er einnig skylt að vekja athygli þína á þessum lagalegu afleiðingum.
- (6) Þú getur enn greitt umbeðna upphæð þó svo að við höfum rift samningnum. Aðeins er hægt að greiða
 - > innan eins mánaðar frá því að samningi var rift
 - > eða, ef riftun var tengd við lok greiðslufrests, innan eins mánaðar frá því að greiðslufrestur rann út
 Ef þú greiðir innan þessa tímabils er riftunin ógild og samningurinn er aftur gildur. Ef tryggður atburður verður á milli þess sem greiðslufrestur rennur út og greiðsla berst eru engar bætur greiddar, eða aðeins hluti þeirra.
- (7) Ef þú vilt ekki eða getur ekki greitt eftirfarandi iðgjöld í heild eða að hluta til, bjóðum við þér upp á að gera hlé á iðgjaldagreiðslu í samræmi við § 14, lækkun iðgjalda í samræmi við § 13 eða að fá undanþágu frá greiðslu iðgjalda í samræmi við § 20.

§ 16

Í hvaða tilfellum getum við skipt um sjóði?

Við áskiljum okkur réttinn til að skipta yfir í jafngilda sjóði eða aðlaga öryggisstig sjóðanna. Öryggisstigið getur einnig verið núll. Hægt er að íhuga skipti ef ný sjóðurinn býður upp á betri þjónustu miðað við þann fyrri eða ef allur samningurinn býður upp á betri þjónustu. Hér eru nokkur dæmi um mögulega úrslitabætti:

- > ákjósanlegri gjalduppsetning fyrir sjóðinn,

- > jákvæðari framtíðarspá hvað varðar frammistöðugetu og þjónustusvið fyrir sjóðsveitandann, einnig hvað varðar varðveislugildi.
- > betri frammistaða sjóðsveitanda hvað varðar umsýslu, samskipti og skráningu,
- > betri frammistöðuvísar.

Að auki er hægt að íhuga skipti á sjóðum ef:

- > dreifing sjóðsfyrirtækisins er hætt vegna lokunar eða samruna á fyrri sjóðum, eða
- > aðstæður lagarammans fyrir sjóðinn breytast þannig að ekki er hagstætt að halda í núverandi sjóði eða ekki hægt fyrir annan aðilann.

Ef við breytum öryggisstigi sjóðs breytir það hvorki upphæð tryggðs lífeyris, upphæð tryggðra dánarbóta né upphæð tryggðra endurkaupa.

§ 17

Hvað gerir fría tryggingaumsjónin?

- (1) Fría tryggingaumsjónin er framlengd síðustu fimm ár biðtímans (*það er tíminn á milli upphafs starfsloka og upphafs lífeyrisgreiðslna*). Tryggður lífeyrir er hækkaður upp í prósentu af núverandi samningsinneign á upphafsdegi tryggingarinnar. Þessi prósentá hækkað árlega. Markmið tryggingaumsjónarinnar er að takmarka tap stuttu fyrir bótageiðslur og að vernda smám saman þegar uppsafnaða inneign.
- (2) Þú getur beðið um tryggingaumsjón og hætt við hana hvenær sem er, en í fyrsta lagi þremur árum eftir að tryggingin tekur gildi.

§ 18

Hvernig getur þú tryggt aukalega samningsinneign þína og aukið við trygginguna?

- (1) Þú hefur val um að hækka tryggingastig eða tryggðan lífeyri áður en lífeyrisgreiðslur hefjast. Þetta leiðir til meira öryggis fyrir samningsinneign þína. Aðeins er hægt að hækka upp að hámarkstryggingu. Þú getur hækkað trygginguna í fyrsta lagi þremur árum eftir að tryggingin tekur gildi.
- (2) Þú getur hækkað trygginguna með því að senda skriflega beiðni (á textasniði). Þessi hækkan tekur gildi í fyrsta lagi fyrsta dag næsta mánaðar, eftir því hvenær bréf þitt var móttekið.
- (3) Möguleikar þínir á ávöxtun geta mögulega minnkað með því að hækka trygginguna. Ef tryggingunni er breytt nokkrum sinnum á sama almanaksári gæti kostnaður verið innheimtur af þér (sjá § 24 mgr. 3).

§ 19

Hvenær má segja samningum upp og upp á hvaða þjónustu bjóðum við?

Uppsögn

- (1) Þú getur sagt upp samningi þínum hvenær sem er fyrir lífeyristímabilið við lok núverandi tryggingatímabils (sjá § 11 mgr. 2 setningu 3) skriflega (*á læsilegu sniði, t.d. á pappir eða í tölvupósti*).
- (2) Ef þú hefur valið lífeyri með tryggðu lífeyristímabili geturðu ekki lengur sagt upp samningi þínum eftir að lífeyrir þinn hefist. Möguleikum á uppsögn eftir upphaf lífeyris þegar sveigjanlegur lífeyrir er valinn er lýst í sérstökum ákvæðum fyrir sveigjanlegan lífeyri.

Greiðsla við uppsögn

- (3) Eftir móttöku uppsagnartilkyrningar greiðum við
 - > upphæð endurkaupa (mgr. 4 og 6)

- > að frádregnu uppsagnargjaldi (mgr. 5). Eftirstandandi upphæðin kallast endurkaupsupphæð að frádregnu uppsagnargjaldi.
 - > Að auki greiðum við lokaeftirstöðvar sem voru lagðar á samning þinn við uppsögn og úthlutaðan matssjóð (mgr. 7).
- Ögreidd iðgjöld í skuld eru dregin frá þessari upphæð.

Endurkaupsupphæð

- (4) Við uppsögn greiðum við endurkaupsupphæð í samræmi við § 169 í þýsku tryggingasamningslögnum (VVG). Endurkaupsupphæðin samsvarar upphæð samningsinneignar á uppsagnardegi. Upphæð samningsinneignar er ákvörðuð samkvæmt síðasta viðskiptadegi sjóðanna við lok tryggingatímabilsins sem þú sagðir upp samningnum.

Uppsagnargjald

- (5) Frá endurkaupsupphæðinni í § 4 drögum við frá uppsagnargjald að upphæð 100 evrur vegna aukins umsýslukostnaðar. Eftirstandandi upphæðin kallast endurkaupsupphæð að frádregnu uppsagnargjaldi. Við berum sönnunarbyrðina fyrir því að uppsagnargjaldið sé hæfilegt. Við teljum gjaldið vera hæfilegt af ofangreindri ástæðu. Ef þú getur sannað fyrir okkur að uppsagnargjaldið sem við drögum frá þurfi að vera töluvert lægra í þínu tilfelli, verður það lækkað í samræmi við það. Ef þú getur sannað að uppsagnargjaldið eigi ekki við í þínu tilfelli, verður það ekki lagt á.

Lækkun endurkaupsupphæðar í sérstökum tilfellum

- (6) Samkvæmt § 169 mgr. 6 í VVG höfum við rétt á að lækka upphæðina í mgr. 4 svo lengi sem það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að leggja hagsmuni hins tryggða í hættu, sérstaklega í gegnum hættu á varanlegum samningsefndum vegna tryggingasamningsins. Lækkunin er takmörkuð við eitt ár í hverju tilfelli fyrir sig.

Gróðapátttaka

- (7) Endurkaupsupphæðin að frádregnu uppsagnargjaldi er hækkuð um
 - > lokagróðapátttöku í samræmi við § 2 mgr. 3 (b) og
 - > matssjóð sem er hluti af samningi þínum samkvæmt § 2 mgr. 6, ef hann er til staðar við uppsögn.

Mögulegir ókostir

- (8) **Ef þú segir upp samningnum getur það haft í för með sér ókosti fyrir þig. Við upphafstíma samningsins þíns er aðeins lág endurkaupsupphæð tiltæk vegna fjármögnunar- og dreifingarkostnaðar (sjá § 21). Endurkaupsupphæðin gæti jafnvel ekki náð sömu upphæð og heildarupphæð greiddra iðgjalda með árunum.**

Gerð og tími greiðslu

- (9) Endurkaupsupphæðin að frádregnu uppsagnargjaldi er yfirleitt greidd í reiðufé. Upphæð samningsinneignar er ákvörðuð samkvæmt síðasta viðskiptadegi sjóðanna á hverju tryggingatímabili þess árs sem þú sagðir upp samningnum. Greiðsla endurkaupsupphæðar að frádregnu uppsagnargjaldi getur aðeins verið framkvæmd nokkrum dögum eftir þessa dagsetningu, af tæknilegum ástæðum.

Tryggð endurkaupsupphæð

- (10) Þar sem þróun inneignar á hlutabréfum sjóðsins er háð sveiflum getur endurkaupsupphæðin lækkað á þessum tíma. Til að tryggja tryggðar lífeyrisgreiðslur, tryggjum við að samningsinneignin nái ákveðinni upphæð á öllum tímum. Tryggð endurkaupsupphæð er reiknuð út frá þessari lágmarksupphæð, sem við gefum upp í tryggingaskírteininu. Ef tryggður lífeyrir breytist, til dæmis vegna breytinga á tryggingu (sjá § 18) eða á greiðslu iðgjalda, breytist tryggð endurkaupsupphæð einnig.

Engin endurgreiðsla á iðgjöldum

(11) Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu á iðgjöldum.

§ 20**Hvenær er hægt að fá undanþágu frá greiðslu iðgjalda og hvaða áhrif hefur það á bótagreiðslur frá okkur?**

- (1) Í stað uppsagnar samkvæmt § 19 mgr. 1 getur þú sent skriflega beiðni hvenær sem er (*á læsilegu formi, s.s. á pappír eða í tölvupósti*) um undanþágu frá greiðslu iðgjalda við lok gildandi tryggingatímabils.
- (2) Ef þú greiðir ekki iðgjöld eru lágmarks dánar bætur ekki greiddar út. Nýr tryggður lífeyrir er reiknaður út samkvæmt greiddum iðgjöldum fram til þessa. Ef VPV Freiheits-Rente hefur undanþágu frá greiðslu iðgjalda eru tryggðar bætur lækkaðar, í samræmi við § 1 mgr. 3, um 50% af tryggðum bótum sem hafa náðst áður en undanþága frá greiðslu iðgjalda var veitt. Hægt er að finna nánari upplýsingar um þetta í töflunni sem fylgir tryggingasamningi þínum.

Ef undanþága er veitt frá greiðslu iðgjalda falla allar viðbótartryggingar við samninginn úr gildi. Öll inneign frá viðbótartryggingum rennur til aðaltryggingarinnar. Mögulegt uppsagnargjald getur verið innheimt. Þú getur fundið nákvæm ákvæði í skilmálunum fyrir viðbótartrygginguna.

- (3) Ef undanþága frá iðgjöldum er veitt drögum við frá 100 evru uppsagnargjald frá samningsinneign þinni vegna aukins umsýslukostnaðar. Að auki minnkar samningsinneign þín um því sem nemur ógreiddum iðgjöldum. Við berum sönnunarbyrðina fyrir því að uppsagnargjaldið sé hæfilegt. Við teljum gjaldið vera hæfilegt af ofangreindri ástæðu.

Ef þú getur sannað fyrir okkur að uppsagnargjaldið sem við leggjum á verður að vera töluvert lægra í þínu tilfelli, verður það lækkað eftir sem því nemur. Ef þú getur sannað að uppsagnargjaldið eigi ekki við í þínu tilfelli, verður það ekki lagt á.

- (4) Aðeins er hægt að fá undanþágu frá greiðslu iðgjalda ef endurkaupsupphæð að frádregnu uppsagnargjaldi er að minnsta kosti 2000 evrur.

Endurkaupsupphæðin sem er til staðar við undanþágu á greiðslu iðgjalda að frádregnu uppsagnargjaldi, auk endurkaupsupphæðar allra aukatrygginga mynda samningsinneign VPV Freiheits-Rente. Hægt er að fá nánari upplýsingar um tryggða endurkaupsupphæð í töflunni sem fylgir með tryggingasamningi þínum.

- (5) **Ef þú greiðir ekki iðgjöld til samningsins þíns getur það haft í för með sér ókosti fyrir þig. Á upphafstímabili samningsins þíns er samningsinneign eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalda yfirleitt mun lægri en heildarupphæð greiddra iðgjalda, þar sem þau eru einnig notuð til að greiða fjármögnunar- og dreifingarkostnað (sjá § 21) ásamt umsýslukostnaði og upphæðinni sem er gefin upp í mgr. 3. Sjóðir að sömu upphæð og greidd iðgjöld eru ekki endilega tiltæk sem samningsinneign eftir að undanþága hefur verið fengin frá greiðslu iðgjalda, jafnvel á árunum sem fylgja.**

Endurreisn

- (6) Þú getur látið endurreisa aðaltryggingu þína, sem ekki þarf að greiða iðgjöld af, innan þriggja ára án þess að þurfa að fara í gegnum læknisskoðun. Í þessu tilfelli gætu tryggðar bætur breyst.

Engin endurgreiðsla á iðgjöldum

(7) Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu á iðgjöldum.

§ 21**Hvernig er kostnaðurinn við samning þinn fjármagnaður?**

- (1) Ýmis kostnaður tengist samningi þínum. Þeir eru innifaldir í iðgjöldunum sem þú greiðir eða eru dregnir frá samningsin-

neigninni. Þetta eru fjármögnunar- og sölukostnaður ásamt öðrum útgjöldum.

Fjármögnunar- og dreifingarkostnaður innifelur meðal annars fjárfestingabóknanir fyrir tryggingafulltrúa. Að auki innifelur fjármögnunar- og dreifingarkostnaður útgjöld við að yfirfara umsóknina og undirbúning á samningskjöllum, efnislegan kostnað sem tengist úrvinnslu umsóknarinnar og auglýsingakostnað. **Annar kostnaður** innifelur aðallega í sér umsýslukostnað.

Upphæð útreiknaðs fjármögnunar- og dreifingarkostnaðar ásamt öðrum útgjöldum og meðfylgjandi umsýslukostnaði má finna í skjalinu „Nánari upplýsingar um samning“, eða í skjalinu „Upplýsingablað um tryggingar“ fyrir beina tryggingu.

- (2) Ef þú greiðir stakt iðgjald eða aukagreiðslu munum við innheimta gjaldfallna upphæð til að greiða fjármögnunar- og umsýslukostnað sem hlaust af staka iðgjaldinu sem þú greiðir eða af aukagreiðslunni sem þú inntir af hendi við upphaf tryggingatímabilsins.
- (3) Ef þú hefur skrifað undir samning fyrir reglulegum iðgjaldagreiðslum, á eftirfarandi við: Til að greiða fjármögnunar- og dreifingarkostnað, höfum við gert ráð fyrir þeirri upphæð í iðgjaldinu sem við drögum frá samningnum þínum í jöfnum upphæðum mánaðarlega fyrstu fimm árin. Frádregin upphæð á þennan hátt takmarkast við 2,5% alls af reglulegum iðgjöldum sem þú þarft að greiða yfir samningstímabilið. Þetta ferli breytist einnig í samræmi við hækkunar á iðgjaldi.
- (4) Eftirstandandi kostnaður er dreginn frá iðgjöldum eða samningsinneigninni á samningstímabilinu.
- (5) Afleiðingarnar af frádregnum kostnaði eins og lýst er, er sá að í upphafi samningstímabilsins er endurkaupsupphæðin afar lág (sjá § 19 og § 20).

§ 22**Hvaða ákvæði eiga við ef þú breytir heimilisfangi þínu og nafni?**

- (1) Ef þú breytir heimilisfangi þínu verður þú að tilkynna okkur um það tafarlaust (*þ.e. án óþarfa tafa*). Annars gætirðu orðið fyrir óþægindum. Við höfum rétt á að senda þér tilkynningu (*s.s. til að ákveða eindaga fyrir greiðslu*) í ábyrgðarpósti til síðasta þekkta heimilisfangs þíns. Í þessu tilfelli er litið svo á sem tilkynning okkar sé móttækin þremur dögum eftir að bréfið var sent í ábyrgðarpósti. Þetta á einnig við ef þú hefur skrifað undir samninginn fyrir hönd fyrirtækisins þíns og það hefur breytt um aðsetur.
- (2) Ef þú skiptir um nafn gildir mgr. 1 sem samsvarar því.

§ 23**Hvaða aðra upplýsingaskyldu ber þér að virða?**

- (1) Ef okkur er skylt samkvæmt lögum að safna, vista, vinna úr og tilkynna upplýsingar og gögn tengd samningnum þínum, verður þú að láta okkur tafarlaust (*án ástæðulausrar tafar*) í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og skjöl:
 - > við undirritun samningsins
 - > ef breytingar verða eftir að samningnum lýkur eða
 - > samkvæmt beiðni
 Einnig er þér skylt að sýna samstarfsvilja til þriðju aðila sem eiga réttindi tengd samningnum þínum fyrir gagnasöfnun og tilkynningar.
- (2) Nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt mgr. 1 eru til dæmis nauðsynlegar upplýsingar um:
 - > skattalegt heimili þitt,
 - > skattalegt heimili þriðju aðila sem eiga réttindi tengd samningnum þínum, og
 - > skattalegt heimili bótaþega.
 Þetta eru sérstaklega innlendar eða erlendar skattaken-

nitölur, fæðingardagur, fæðingarstaður, og heimilisfang eða aðsetur. Þú getur séð undir hvaða kringumstæðum þessar upplýsingar eru lagalega nauðsynlegar í meðfylgjandi skattaupplýsingum.

- (3) Ef þú veitir okkur ekki nauðsynlegar upplýsingar, gögn og skjöl eða veitir þau ekki innan tiltekins skilafrests, á eftirfarandi við: Ef atvikið varðar samsvarandi lagalega skyldu, munum við tilkynna samningsgögn þín til viðeigandi innlendra eða erlendra skattayfirvalda. Þetta á einnig við ef ekkert skattalegt heimili er erlendis.
- (4) Brot á upplýsingaskyldu þinni samkvæmt mgr. 1 og 2 geta leitt til þess að við greiðum ekki út bætur. Þetta á við þar til þú hefur veitt okkur nauðsynlegar upplýsingar svo við getum uppfyllt lagalegar skyldur okkar.

§ 24

Hvaða kostnað rukkum við þig um sérstaklega?

- (1) Í eftirfarandi tilfellum getum við rukkað þig sérstaklega fyrir aukalegan flatan kostnað:
 - > utgáfa nýs tryggingaskírteinis
 - > skrifleg tilkynning vegna vanskila á iðgjöldum
 - > inngreiðslur með beinni millifærslu
 - > breytingar á samningi
 - > úrvinnsla á framsölum
 - > staðfesting á heimilisfangi
- (2) Þegar heildarupphæðin er reiknuð út er stuðst við almennan kostnað sem við verðum fyrir. Ef þú getur sannað fyrir okkur að áætlaður útreikningur kostnaðar sé rangur í þínu tilfelli, á heildarupphæðin ekki við. Ef þú getur sannað fyrir okkur að heildarupphæðin ætti að vera töluvert lægri í þínu tilfelli, verður hún lækkuð sem því nemur.
- (3) Frekari kostnaður hlýst af breytingum á tryggingunni í samræmi við § 18, ef þú hefur beðið um þær. Breyting á tryggingu er án gjalds fyrir þig einu sinni á hverju almanaksári. Við rukkum þig um 50 evru gjald fyrir allar breytingar sem þú gerir umfram það.

§ 25

Hvaða lög eiga við um samninginn þinn?

Lög Þýskalands eiga við um samninginn þinn.

§ 26

Hvar er lögsagan?

- (1) Fyrir kröfur **gegn okkur** sem verða út frá samningnum, telst rétturinn á því svæði sem skráð skrifstofa okkar eða útibú eru þar sem samningurinn er staðsettur hafa lögsögu. Lögsaga getur einnig verið á því svæði þar sem þú átt heimili þegar krafan er gerð. Ef þú hefur ekkert skráð heimili, ræður svæðið þar sem þú hefur almennt aðsetur. Ef þú ert lögaðili, telst lögsagan vera hjá réttinum á því svæði sem skráð skrifstofa þín eða útibú eru staðsett.
- (2) Við grípum til lagalegra aðgerða **gegn þér** út frá samningnum hjá réttinum á því svæði sem þú hefur skráð heimili. Ef þú hefur ekkert skráð heimili, ræður svæðið þar sem þú hefur almennt aðsetur. Ef þú ert lögaðili, telst lögsagan vera hjá réttinum á því svæði sem skráð skrifstofa þín eða fyrirtæki eru staðsett.
- (3) Ef þú flytur heimilisfang þitt eða almennt aðsetur erlendis, telst lögsagan vera hjá réttinum í landinu þar sem við höfum skráðar skrifstofur okkar, vegna mála sem verða út frá samningnum.

§ 27

Hvað gildir ef ákvæði eru ekki uppfyllt?

Ef ákvæði í tryggingaskilmálunum eru ógild að hluta til eða að öllu leyti skal það ekki hafa áhrif á gildi eftirstandandi ákvæða.

Sérstök ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri

- | | | | |
|-----|---|-----|---|
| § 1 | Hvaða þjónustu bjóðum við upp á? | § 6 | Hvenær má segja samningum upp og upp á hvaða þjónustu bjóðum við? |
| § 2 | Hvaða sérstöku aðgerðir eiga við um gróðapáttöku? | § 7 | Hvaða aðrar reglur eiga við? |
| § 3 | Hvernig eru úttektir gerðar? | § 8 | Hvað á við ef aðstæður eru árangurslausar? |
| § 4 | Í hvaða tilfellum getum við skipt um sjóði? | | |
| § 5 | Hvernig er lífeyrir hækkaður? | | |

§ 1 Hvaða þjónustu bjóðum við upp á?

- (1) Þú getur valið um sveigjanlegan lífeyri ef það er hægt samkvæmt almennum ákvæðum í aðaltryggingunni. Í því tilfalli greiðum við heildarbætur við upphaf lífeyrisins sem sveigjanlegan lífeyri í samræmi við þessi sérstöku ákvæði fyrir sveigjanlegan lífeyri, að því gefnu að hinn tryggði (*manneskjan sem er líftryggð*) lifir við upphaf lífeyrisins.
- (2) Við greiðum ævilangan, minnst stöðugan lífeyri frá upphafi lífeyrisgreiðslna. Lífeyrisgreiðslunni er deilt í tvö stig, sveigjanlegan lífeyri (sjá § 6) og síðan eftirstandandi hvíldarstig. Á meðan sveigjanlegur lífeyrir er í gildi getur þú haldið áfram að taka út samningsbundnar greiðslur (sjá mgr. 4) með úttekt (sjá § 3) eða uppsögn (sjá § 6). Ef hinn tryggði lætur lífið á meðan sveigjanlegur lífeyrir er í gangi eru dánargreiðslur greiddar út (sjá mgr. 8).
